

Miðvikudaginn 8. maí 1946.

Nr. 139/1944. Réttvísinn (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Jóni Guðjónssyni (Hrl. Guttormur Erlendsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás og brot á húsfriði.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði veittist með líkamlegu ofbeldi að Guðrúnu Kristófersdóttur, en varhugavert þykir að telja sannað, að öll meiðsl hennar, er í læknisvottorði greinir, sé af hans völdum.

Brot ákærða eru í héraðsdómi réttilega heimfærð til 217. og 231. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin, sbr. 77. gr. nefndra laga, 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í samningi, er ákærði og Guðrún Kristófersdóttir gerðu með sér 9. apríl 1945 og meðal annars fjallar um fjárskipti þeirra á milli vegna væntanlegs lögskilnaðar þeirra, lýsa þau því, að hvorugt eigi hér eftir nokkrar fjárkröfur á hitt, fram yfir það, er í samningi þessum greinir. Þar sem bóta-krafa Guðrúnar Kristófersdóttur, sem í héraðsdómi greinir, er ekki undanskilin í nefndum samningi, þykir Guðrún hafa firrt sig rétti til að krefja ákærða bóta, og verður því að sýkna ákærða af þessari kröfu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Guðjónsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Magnúsar Thorlacius og Guttorms Erlendssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. september 1944.

Ár 1944, mánudaginn 18. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2178/1944: Réttvisin gegn Jóni Guðjónssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn Jóni Guðjónssyni trésmið, til heimilis á Gunnarsbraut 28 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. og 25. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar, málskostnaðargreiðslu og greiðslu skaðabóta.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. apríl 1904 að Litlu-Brekku í Geiradal í Barðastrandarsýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1932 2% Undir rannsókn út af bifreiðarbruna. Mál ekki höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins.

1939 7/8 Sátt 100 króna sekt fyrir brot gegn 15. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70 1931.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er giftur Guðrúnu Kristófersdóttur, til heimilis að Hverfisgötu 76 B hér í bæ, og hafa þau slitið samvistir. Kærði kveðst í nokkur kvöld fyrir 21. janúar s. l. hafa fylgt með sambandi Guðrúnar og manns nokkurs, að nafni Karl Bernharð Strand.

Kveðst hann hafa 7 eða 8 sinnum séð til þeirra inn um eldhúsgluggann á íbúð Guðrúnar á Hverfisgötu 76 B, en eldhúsgluggi þessi sé á annarri hæð hússins og snúi út að húsaporti. Kveðst ákærði hafa reist stiga að glugganum, farið upp í stigann og kíkt inn um gluggann inn í eldhúsið. Gluggatjaldið hafi ekki verið alveg dregið niður að gluggakistu og hafi því verið auðvelt að sjá inn í eldhúsið. Ákærði kveðst hafa séð Guðrúnu og Karl hvað eftir annað í faðmlögum og heitum ástaratlotum.

Aðfaranótt 21. janúar s. l. kveðst ákærði hafa séð inn um glugg-

ann, að Guðrún hafi farið úr eldhúsinu inn í svefnherbergið og komið aftur eftir örsamma stund á náttkjól einum saman. Karl hafði þá verið farinn úr jakka, vesti og verið að losa um buxurnar. Guðrún hafi slökkt ljósið, er hún hafi komið aftur inn í eldhúsið, og kveðst ákærði ekki hafa séð, hvað skeði eftir það. Ákærði náði síðan í tvo menn, þá Ingibjart Arnórsson trésmið og Guðmund Axel Björnsson vélaviðgerðarmann til að vera votta að hjúskaparbroti Guðrúnar. Þeir gengu inn um ólæstar útidyr fyrrgreinds húss, fóru upp stigann og staðnæmdust á þrepi fyrir ofan hann. Ákærði vék sér síðan lítið eitt til vinstri og staðnæmdist við hurð, sem var fyrir eldhúsdýrum Guðrúnar. Tók ákærði í hún hurðarinnar og sló snögg í hana með hægri fæti, en hún opnaðist ekki. Ákærði sparkaði þá án tafar í hurðina í annan sinn, og brotnaði annar „fýldningur“ hurðarinnar að ofanverðu og féll inn á eldhúsgólf. Myrkur var í eldhúsinu, og beindi ákærði ljósi, sem hann hélt á í hendinni, inn í herbergið. Ákærði og menn þeir, sem með honum voru, kveðast því hafa séð, hvar Guðrún og maður sváfu undir teppi á divani í eldhúsinu, en Guðrún og Karl Bernharð Strand neita því, að þau hafi sofið á divaninum, heldur hafi Guðrún sofið í herbergi inn af eldhúsinu. Karl Bernharð Strand, sem er sjómaður, kveðst ekki hafa viljað sofa í skipi sínu þessa nótt, og hafi hann fengið að sofa á divani í herbergi Guðrúnar kunningjakonu sinnar. Ákærði fór ekki inn í eldhúsið, en bað Guðmund Axel að sækja lögreglu á staðinn. Eftir skamma stund komu þeir lögregluþjónar á vettvang, og lýsti ákærði húsbrotinu á hendur sér og kvaðst mundu bæta það.

Um klukkan 9,30 næsta morgun kom ákærði aftur til Guðrúnar og náði í hurð þá, er hann hafði brotið, til að gera við hana. Eru framburðir þeirra á sinn hvorn veg um það, hvað þá gerðist.

Guðrún segir, að ákærði hafi þá vaðið inn í ólæsta íbúð hennar, þar sem hún lá í rúminu. Hafi hann ráðizt á hana, klipið hana og kreist. Þá hafi hann tekið fyrir kverkar henni og sagt eitthvað á þá leið, að úr því að hún hefði ekki manndóm til að drepa sig sjálf, ætlaði hann að gera það. Hún kveðst hafa hrópað á hjálp, og tekizt að síðustu að komast upp á næstu hæð fyrir ofan til konu, að nafni Jakobínu, sem þar býr. Guðrún hefur lagt fram svo hljóðandi vottorð Bjarna Bjarnasonar lækni, dagsett 21. janúar s. l., um meiðsli þau, er hún hafi hlotið af völdum ákærða í þetta skipti:

„Hef í dag rannsakað Guðrúnu Kristófersdóttur, Hverfisgötu 76. Hún hefur bólgu og blóðhlaupinn blett á efri vör hægra megin og þrútin rauðan blett á hálsi vinstra megin með smá húðrispum. Enn fremur sams konar blett á vinstra brjósti ca. lófastóran. Blóðuga skeinu á baugfingri vinstri handar. Kveður hún áverka þessa stafa af árás, sem hún hafi orðið fyrir í morgun.“

Guðrún hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir athæfi sitt og 250 kr. skaðabóta vegna árársinnar.

Ákærði neitar því hins vegar eindregið að hafa slegið Guðrúnu með hnefanum eða hendinni og enn fremur að hafa tekið um háls hennar eða hrisst hana eða klipið hana. Hann kveðst hafa sagt við hana, að hún ætti nú að láta verða af því, sem hún hefði alltaf verið að hóta, að drepa sig. Með því einu gæti hún losað sig við þá smán, er hún væri sokkin í. Er Guðrún hafi svarað honum ýmsum ókvæðisorðum, hafi hann slegið hana einu sinni utanundir (á kinnina) með hönzku sínum, og hafi hún alls ekkert meiðzt við það. Ákærði neitar því að greiða Guðrúnu nokkrar skaðabætur vegna meiðsla.

Vitnið Jakobína Jónsdóttir Walderhaug, sem býr á næstu hæð fyrir ofan Guðrúnu, hefur borið það, að Guðrún hafi einn morgun í janúar komið flýjandi til hennar upp á loft. Vitnið var ekki komið á fætur, er það heyrði, að hlaupið var upp stigan og kallið var með karlmansröddu, að þangað skyldi Guðrún fara til mellu, eins og hún sjálf væri. Guðrún hafi svo komið inn í herbergi vitnisins, og hafi hún verið öll útgrátin og þrútin í andliti. Blóð hafi runnið úr vör hennar og hún hafi verið rauðfleckkótt um hálsinn. Þá hafi blætt úr fingri hennar. Sagði Guðrún vitninu, að maður hennar hefði komið inn í íbúð hennar og ráðizt á sig með þeim afleiðingum, sem útlit hennar sýndi.

Kærði hefur, með því að ryðjast heimildarlaust inn í húsið nr. 76 B við Hverfisgötu og gera þar hússpjöll, gerzt brotlegur gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykja og nægjanlegar sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um líkamsárás og veitt Guðrúnu þá áverka, sem um ræðir í hinu framlagða læknisvottorði. Hefur hann með því atferli brotið gegn 217. gr. hegningarlaganna.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, varðhald í 15 daga.

Bótakrafa Guðrúnar Kristófersdóttur þykir eftir atvikum eigi ósanngjörn, og verður hún því tekin til greina. Ber ákærða því að greiða Guðrúnu kr. 250.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 250.00 til Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Guðjónsson, greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, varðhald í 15 daga.

Ákærði greiði Guðrúnu Kristófersdóttur 250 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns í málinu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1946.

Nr. 129/1945. Jón Jónsson (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Kristjáni Jónssyni

(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson).

Húsaleigumál og útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. október 1945, krafðist þess upphaflega hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði úrskurður yrði felldur úr gildi og lagt yrði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem í málinu greinir. Svo krefst áfrýjandi þess og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Hinn 20. febrúar þ. á. lýsti stefndi því skriflega, að hann hefði 21. október 1945 flutzt úr húsnaði því, sem hann hafði á leigu hjá áfrýjanda. Málflytjandi stefnda hér fyrir dómi hefur staðfest þann eðlilega skilning þessarar yfirlýsingar stefnda, að hann hafi með henni gefið upp allan rétt til leigu í húsnaði áfrýjanda í húsinu nr. 1 B við Fossagötu. Málflytjandi áfrýjanda hér fyrir dómi breytti í svarræðu dómkröfu sinni á þá leið, að hann krafðist einungis málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, og kemur sú krafa ein hér til álita.